

Mosfellsbæ, 31.1.2021

Umsögn vegna fyrirhugaðs þjóðgarðs á hálendi Íslands

Inngangur

Ég hef síðan árið 2005, eða í 16 ár ferðast umtalsvert um fjalllendi Íslands, innan og utan marka landsvæðis fyrirhugaðs Hálendisþjóðgarðs og jafnframt núverandi Vatnajökulsþjóðgarðs.

Um er að ræða ísklifur, fjallaklifur, klettaklifur, svifvængjaflug, utanvega- og fjallahlaup, skíðun, fjallgöngur, fjallahjól, kayakróður, almennar gönguferðir og hellaskoðanir (ís og hraun) til að nefna það helsta. Til að komast í þessar aðstæður hafa ökutæki, innan vega og slóða að sjálfsgöðu verið notuð.

Í þessum ferðum hef ég líka nánast frá upphafi verið iðinn við að taka myndir og einnig myndbönd fyrir okkur og aðra til að njóta. Ég er ekki að reka ferðaþjónustu eða fyrirtæki og því er þetta ekki atvinnustarfsemi. Hef þó einstaka sinnum, 1-3 skipti á ári ásamt félögum tekið að mér að leiðsegja hópum íslendinga á helstu tinda landsins í sunnanverðum Vatnajökli. Það finnst mér nefnilega vera skylda eftir mína reynslu, að hjálpa öðrum að upplifa fjöllin okkar og þá fegurð og orku sem þau veita okkur.

Ég er hugsi yfir tillögum um stofnun Hálendisþjóðgarðs þar sem ég verð þess áskynja að þrengt sé talsvert að því frelsi sem tíðkast hefur, eins og gerst hefur í Vatnajökulsþjóðgarði. Ég mun hér reyna að varpa ljósi á mína sýn málsins og vonandi varpa sýn á ákveðna hópa sem ferðast aðeins „utan rammans“ ef svo má að orði komast. Til að þetta verði ekki of langt ætla ég að velja nokkur atriði til umfjöllunar, atriði sem ég hef ekki heyrt háværar raddir um. Athugið að þessi atriði eru ekki í forgangsröð.

Fjallahjólreiðar

Þann 16. Júní árið 2019 hljóp ég Jökulsárgljúfrið frá Dettifossi niður að Ásbyrgi sem hluta af undirbúningi fyrir Laugavegin. Þennan dag var heiðskýrt, logn og yfir 20°C. Eiginlega of gott veður til að hlaupa, a.m.k. á íslenskan mælikvarða.

Tilviljun varð til þess að ég frétti í lok hlaups að bannað væri samkvæmt reglum þjóðgarðsins að hjóla þessa leið og fylgdi með að það væri til að eyðileggja ekki upplifun þeirra sem ganga leiðina.

Þennan dag, sem var trúlega einn besti dagur þess árs á þessu svæði, mætti ég tveimur mönnum, vinalegum erlendum ferðamönnum, á allri leiðinni (utan Hljóðakletta og Ásbyrgis). Þarna átti ég mjög bágt með að skilja að hjólreiðabannið stafaði af einhverskonar ógn við gangandi.

Vinsælt er að hjóla á hinum ýmsu stígum og vegum á hálendinu, sem dæmi má nefna Landmannalaugar, Fjallabaksleiðir, stíga í Þórsmörk ofl.

Það sem ég óttast helst er að fleiri svæði sem nýtt eru til hjólreiða, en talsvert er hjólað á hálendinu, bæði innan vinsælla svæða og utan muni hljóta sömu örlog og umrædd leið í Jökulsárgljúfri.

Ég trúi því að enginn hjólreiðamaður vilji á einhvern hátt skaða aðra vegfarendur eða vinna skemmdir á náttúrunni. Ég kalla það einfaldlega tillitssemi og almenna kurteisi að fara varlega framhjá öðru fólki, sama hvaða ferðamáta það kýs.

Flygildi (drónar)

Á ferðum mínum hef ég tekið talsvert af myndum og myndskleiðum. Þær hafa m.a. verið teknar á flygildi (dróna) sem ég hef borið með mér í fjallgöngum og klifurleiðöngum líkt og myndavélin. Einnig hef ég sett hann í loftið til að rata, sérstaklega í stórum sprungusvæðum þegar ég ferðast um opinn og úfinn skriðjökul, en þeir geta verið ansi flókin völundarhús og í þeim tilvikum tel ég þetta vera öryggisatriði. Þetta varð í einu tilfelli til þess að ég og samferðamenn mínir komumst niður af úfnu svæði á Steinsholsjökli fyrir myrkur.

Einnig hef ég notað dróna til að taka yfirlitsmyndir til kortlagninga ferða framtíðar, hvort sem það er hlaupaleið um svæði sem ég hef ekki farið um áður, nýjar klifurleiðir upp á fjöll og tinda eða annað er ótrúlega hjálplegt að geta skoðað umhverfið úr lofti.

Ég skil vel og er sammála um að flygildi skuli ekki nota á vinsælum ferðmannastöðum innan um fólk. Það flokka ég einfaldlega undir dónaskap ásamt því að það eru einfaldlega til reglur sem segja að ekki skuli fljúga slíkum tækjum yfir mannfjölda sem Samgöngustofa gaf út svo ég tel að ekki þurfi að taka það sérstaklega fram í þessu frumvarpi.

Í frumvarpinu er fjallað um bann við flugi flygilda nema með sérstöku leyfi. Samkvæmt heimasíðu Vatnajökulsþjóðgarðs þarf að sækja um slíkt leyfi með tveggja vikna fyrirvara og greiða gjald, þó ég hafi ekki fundið hversu hátt gjaldið sé, en ég hef heyrt útundan mér að það sé mjög hátt fyrir áhugamenn eins og mig og því í raun óleyfilegt.

Þar sem ofangreind regla um flug kringum fólk er þegar til frá Samgöngustofu dreg ég þá ályktun að um sé að ræða sértæka reglu til að fá fé fyrir að kvikmynda- og auglýsingagerð sé framkvæmd innan marka garðsins en það tel ég vera atvinnustarfsemi.

Hví ætti ég sem áhugaljósmyndari að greiða sérstakt gjald fyrir að nota ákveðna gerð af búnaði frekar en aðra?

Tveggja vikna fyrirvari er einnig mjög einkennilegur þar sem ekki er einu sinni hægt að gefa út sæmilega veðurspá eina viku fram í tímann hér á landi, þó þetta eigi ekki við frumvarpið beint, heldur reglu tiltekinna þjóðgarða eins og þetta stendur getur frumvarpið þó haft áhrif á það. Hér er líka gott að taka það fram að ég ákveð yfirleitt ekki ferðir mínar fyrr en 1-3 dögum fyrir ferð, ég er yfirleitt með nokkrar hugmyndir á ólíkum stöðum um landið og fer þangað sem vænlegasta veðrið er ef það er nógu vænlegt yfir höfuð.

Flug

Ég hef flogið á svífvæng niður af hinum ýmsu fjöllum og má þar til dæmis nefna Skessuhorn, Kirkjufell, Mælifellshnúk, Bláhnjúk, Heklu, Hengilssvæðið, Skálafell og ýmsa hluta Esju. Ég stefni á frekari flug af fjöllum innan marka þjóðgarða, núverandi og fyrirhugaðra.

Þó það sé ekki kveðið sérstaklega á um þetta form flugs í frumvarpinu er talað um „...leyfisveitingar vegna landingar loftfara...“ sem er ansi opið og mætti túlka að svífvængjafluginu.

Hinsvegar hef ég orðið vitni að lendingum lítilla flugvéla utan flugvalla á hálendinu og finnst mér það bara mjög heillandi og spennandi fararkostur að geta gert slíkt. Frumvarpið lokar hinsvegar á þennan möguleika að lenda á slóðum oph. utan skilgreindra flugvalla. Ég skil ekki alveg af hverju, hvort þetta sé að ógna einhverju.

Utanvega- og fjallahlaup

Eins og fram hefur komið hef ég tekið þátt í skipulögðum hlaupum á hálendinu ásamt einkaferðum. Ég hef í nokkur ár reynt að komast að í svokölluðu Jökulsárhlaupi í Jökulsárgljúfri – án árangurs. Það hefur verið eina hlaupið sem hefur alltaf selst upp í á örfáum mínútum (yfirleitt um 7 mínútum) og þannig að skráningarsíðan ræður ekki við álagið. Mér skilst að þetta hlaup sé háð miklum takmörkunum á fjölda þátttakenda vegna reglna núverandi Þjóðgarðs. Þess vegna hljóp ég það á eigin vegum líkt og fram kom í kaflanum um fjallahjólreiðar til að fá að upplifa leiðina sjálfur.

Nú árið 2021 varð sú breyting á að það seldist upp á 15 mínútum í Laugavegshlaupið vegna stóraukinnar útviðar Íslensk almennings í kjölfar heimsfaraldursins þar sem fólk gat hvorki farið erlendis né stundað líkamsræktarstöðvar í umtalsverðan tíma. Vonandi er þessi aukni áhugi Íslendinga á landinu kominn til að vera.

Ég hef því áhyggjur að með tilkomu nýs Þjóðgarðs verði þrengt að þessum skipulögðu hlaupum með fækkun á hámarksfjölda, nýjum gjaldtökum og að erfiðara verði að búa til ný hlaup vegna flækjustigs – ekki síst vegna leyfisveitinga.

Önnur ferðamenska

Þverun lands er orðin vinsæll liður í Íslenskri ferðamensku sem ekki er hægt að horfa framhjá, bæði að vetri og sumri, utan jökla og á þeim. Hópar og einstaklingar hafa gengið og skíðað landið endilangt og í kross. Þessi ferðatilhögun kallar á að gist sé í tjöldum, yfirleitt til einnar nætur á hverjum stað. Nú eru reglur um að aðeins megi tjalda á merktum tjaldsvæðum í Þjóðgarði, en ég myndi vilja sjá að ekki mætti tjalda í vissri hóflegri fjarlægð frá næsta tjaldsvæði til að reglur komi ekki í veg fyrir þennan ferðamáta.

Ég hef haldið mig sem mest utan Vatnajökulsþjóðgarðs með slíkar ferðir vegna þessara reglna og eins og ég skil þetta má strangt til tekið ekki tjalda á jöklinum sjálfum í skíðaferð þar sem ekki er um merkt tjaldsvæði að ræða. Nú þegar hugur er á að setja allt hálendið undir finnst mér mikilvægt að réttur til að tjalda til einnar nætur vegna ferða verði tryggður, líkt og gamli almannarétturinn kvað á um.

Lokaorð

Þegar ég heyrði fyrst orðið Hálendisþjóðgarður á síðasta ári fannst mér það heillandi hugmynd, og í raun hef ég ávallt litið á hálendið sem eins konar þjóðgarð – a.m.k. þjóðareign og þar kemur fólk úr sínu daglega lífi til að sækja orku og frið í óbyggðirnar og fjöllin, hvert á sinn hátt og þannig hefur það verið í gegnum mína kynslóð og einnig þeirra á undan.

Svo kom þetta frumvarp fram og mér varð á að lesa það. Ég get ekki neitað því að mér finnst eins og þetta snúist meira um að einhverjir vilji ná yfirráðum yfir víðerni okkar inn í lítinn hóp. Það snýst að mínu mati frekar um að geta bannað hitt og þetta frekar en að byggja innviði og hjálpa fólki að ferðast um hálendið.

Margir telja að eina leiðin til að vernda náttúruna sé að stofna þjóðgarð á meðan við eigum önnur úrræði eins og friðlönd sem hafa einmitt þjónað þeim tilgangi að vernda náttúruna. Við eigum Umhverfisstofnun sem fer þegar með stóra hluti landsins undir merkjum friðlanda (og þjóðgarða) og þar starfa þegar um 100 manns.

Ég hef komið á friðlýst svæði þar sem starfsfólk Umhverfisstofnunar voru að vakta og þar var mér tekið vel, boðið góðan dag og mætt með brosi en slíkt hef ég því miður ekki upplifað í Vatnajökulsþjóðgarði.

Þegar ég kem inn á vinsælustu svæði Vatnajökulsþjóðgarðs á borð við Jökulsárlón blasa við mér risastór skilti sem skyggja á útsýnið og á þessum skiltum eru aðallega listar yfir ýmsa hluti sem eru bannaðir á svæðinu. Ég hef oft á tilfinningunni að ég sé óvelkominn, svipað og ég væri kominn inn fyrir afgreiðsluborðið í viðskiptabankanum mínum þegar ég kem inn á viss svæði hans.

Nú virðist vera miklar breytingar á þar sem stækkandi hluti heimsins virðist vera að sækja landið heim nú síðustu ár og margir þeirra í sama tilgangi og íslendingarnir sem ég nefndi hér í byrjun kaflans. Þetta tel ég vera rót málsins og finnst mér við Íslendingar vera dálítið eins og eins konar slökkvilið að reyna að gera hvað við getum til að missa þetta ekki úr böndunum. Á sama tíma er talað um að Hálendisþjóðgarður sé einskonar töfravopn sem við getum notað í endurreisn erfiðleikanna eftir heimsfaraldurinn því það að eiga stærsta þjóðgarð heimsálfunnar hafi svo mikið aðdráttarafl að allt fyllist hér strax af ferðamönnum.

Er það virkilega það sem við viljum? Er það að „Ísland, stórasta land í heimi“ eigi nú líka stærsta þjóðgarð heimsálfunnar og ætti því auðvitað að fá flesta ferðamenn álfunnar í leiðinni, enda nóg pláss á okkar víðernum.

Ég fæ ekki betur séð en að fjöldi ferðamanna hér hafi verið komið um og yfir þolmörk þegar hæst lét og mörg svæði orðin ansi illa útleikin eftir ágang fjöldans. Þá er ekki talað um hvernig upplifunin er.

Er þá ekki betra að beina flestum ferðamönnum í Vatnajökulsþjóðgarð áfram, á sama tíma og hann aðlagar sig betur að landinu sem hann byggir á og byggir upp traust og tengsl við fólk í landinu sem mér hefur reyndar heyrst hafa verið að snúa til betri vegar á allra síðustu misserum?

Við eigum að sjálfsgöðu að halda áfram að vernda náttúruna og víðernin með þeim friðlöndum sem við þegar eigum og halda fjölda ferðamanna á þeim stað að við getum tekið vel á móti þeim, sinnt þeim sem skyldi og að upplifun þeirra sé eins og við viljum sjálf, að komast í tæri við náttúru án óþarfa inngripa yfirvalda. Það tel ég ekki gert með að stíga fram með stórum orðum og segjast vera með stærsta þjóðgarð heimsálfunnar, ég hræðist að ástandið verði þá enn verra en þegar það lét sem hæst hér fyrir örfáum árum og umræðan meðal ferðamannana var að Ísland væri bæði óhemju dýrt og einnig að hér væri allt svo fullt af ferðamönnum að ekki væri þverfóta á vinsælu stöðunum.

Að lokum kemur smá heilabrot:

Stendur ákvæðið „þjóð“ í þjóðgarði fyrir íslensku þjóðina, stendur það gegn þjóðinni eða stendur það fyrir þjóðverja? Mér þætti ótrúlegt að það standi fyrir þjóðverja þar sem það eru mun fleiri frá öðrum löndum en Þýskalandi að ferðast hingað þó þeir hafi verið mest áberandi fyrir þónokkrum árum, en eftir standa tveir möguleikar og ég er ekki viss um hvor á við.

Kær kveðja, og gangi ykkur vel að finna út hvað sé best fyrir land og þjóð.

Virðingarfyllt,
Guðmundur Freyr Jónsson